

Nd.

577. Nefndarálit

[85. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 27. apríl 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur haft málið til meðferðar og leitað álits bankastjóra Búnaðarbankans, sem mæla með samþykkt frv. Bréf þeirra er prentað hér með sem fylgiskjal.

Útihús í sveitum eru orðin dýr mannvirki og vönduð, og oft hagar svo til, að framkvæmdum verður ekki lokið á einu ári. Getur þá verið til mikils hagræðis, að Stofnlánadeildin hafi heimild til að lána í áföngum, líkt og nú er gert varðandi íbúðabyggingar, byggingar fiskiskipa o. s. frv.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Einn nefndarmanna, BJ, var fjarverandi, þegar málið var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 9. apríl 1968.

Jónas Pétursson, form.	Vilhjálmur Hjálmarsson, frsm.	Stefán Valgeirsson.
Benedikt Gröndal.	Eyjólfur Konráð Jónsson.	Hannibal Valdimarsson.

Fylgiskjal.

BÚNAÐARBANKI ÍSLANDS

Reykjavík, 9. apríl 1968.

Stjórn Búnaðarbanka Íslands hefur mótttekið bréf landbúnaðarnefndar neðri deildar Alþingis, dags. 1. þ. m., þar sem beiðzt er umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins, flutt af Stefáni Valgeirsyni, alþingismanni, o. fl.

Stjórn bankans telur breytingu þessa á lögum Stofnlánadeildar landbúnaðarins æskilega og mælir með því, að breyting þessi nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,

Búnaðarbanki Íslands.

Stefán Hilmarsson. Þórh. Tryggvason.

Til landbúnaðarnefndar neðri deildar Alþingis,
Reykjavík.